

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 28. september 2021

Aðalfundur Foreldrafélags Fossvogsskóla (FFF). Fundurinn er haldinn þriðjudaginn 28. september 2021 í sal Bústaðakirkju.

U.þ.b. 50 fundarmenn mættir.

Karl Óskar Þráinsson, formaður FFF setur fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri einróma kosin Eyrún Magnúsdóttir. Fundarritarar einróma kosnar Hrund Hauksdóttir og Eyþóra Hjartardóttir. Fundarstjóri kannar hvort fundurinn sé löglega boðaður. Staðfest að svo sé.

2. Skýrsla stjórnar – fyrri hluti

Karl Óskar Þráinsson formaður fór yfir skýrslu stjórnar. **Sjá fylgiskjal 1.**

Gert var hlé á skýrslu stjórnar og formaður mæltist til að sá liður yrði tekinn upp á ný og kláraður að lokinni yfirferð á reikningum félagsins, kosningu í stjórn og ákvörðun félagsgjalda.

3. Reikningar félagsins

Unnur Björnsdóttir, gjaldkeri, fór yfir reikninga félagsins og stöðu þess. Farið yfir stærstu tekjuliði og útgjöld ársins. Góð staða félagsins. Reikningar bornir til samþykktar. Samþykktir einróma.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

5. Kosning (stjórn, skólaráð, skoðunarmenn reikninga)

Börkur Hrafn Birgisson, Magnús Már Guðmundsson, Illugi Gunnarsson og Eyrún Magnúsdóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og voru þeim þökkuð óeigingjörn störf í þágu barnanna okkar.

Í framboði til stjórnar voru:

Erna Björk Hasler

Herborg Ingvarsdóttir

Héðinn Þórðarson

Hrund Hauksdóttir

Högni Stefán Þorgeirsson

Karl Óskar Þráinsson

Klara B. Hinriksdóttir

Lillý Valgerður Pétursdóttir

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

Ragnar Björgvinsson

Unnur Björnsdóttir

Fundarstjóri kannar hvort fleiri vilja bjóða sig fram í stjórn en þeir sem þegar hafa tilkynnt um framboð. Ekki fleiri sem bjóða sig fram.

Ekki aðrir í framboði. Stjórn kosin einróma.

Kosning í skólaráð:

Agnar Freyr gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu en Karl Óskar var endurkjörinn í fyrra og situr áfram.

Unnur Björnsdóttir býður sig fram til setu í skólaráði. Kosin einróma.

Herborg Ingvarsdóttir býður sig fram sem varamann. Kosin einróma.

Skoðunarmenn reikninga:

Í framboði sem skoðunarmenn reikninga eru:

Magnús Már Guðmundsson og Agnar Freyr Helgason. Samþykkt einróma.

6. Ákvörðun félagsgjalda

Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Lagt til að ekki verði lögð á félagsgjöld í ár. Samþykkt.

7. Skýrsla stjórnar – seinni hluti

Þessi dagskrárliður er tekinn fyrir á ný. Karl Óskar fer í pontu og bendir á að nauðsynlegt sé fyrir foreldra að ræða frjállega um húsnæðismál og skólastarfið í sínum hópi. Fundarmenn sem ekki séu félagar í FFF því beðnir um að víkja af fundinum.

Síðari hluti yfirferðar um skýrslu stjórnar. Karl Óskar klárar yfirferð skýrslu stjórnar. **Sjá fylgiskjal 1.**

8. Umræður um skýrslu stjórnar

Fundarstjóri leiðir umræður foreldra í kjölfar yfirferðar Karls. Miklar umræður í hópi foreldra um það sem fram hefur komið í skýrslu stjórnar. Skýrslan var borin undir atkvæði og samþykkt.

Fram kom mikil óánægja með upplýsingagjöf til foreldra um stöðu framkvæmda og húsnæðismála og að erindum skólaráðs hafi oft ekki verið svarað. M.a. ekki faglegum spurningum frá Sylgju Dögg, sérfræðingi í innivist hjá Eflu, en lagðar fram af fulltrúum skólaráðs.

Upplýst um að erindi hafi verið sent til innri endurskoðanda Borgarinnar sem hafi fundað með fulltrúum foreldra í skólaráði. Þar hafi fulltrúar mætt skilningi en niðurstaðan verið sú að reglur um hlutverk innri endurskoðunar heimiluðu ekki aðkomu að málum á meðan þau væru til meðferðar eða niðurstaða lægi ekki fyrir. Umrætt úrræði virkaði því á engan hátt í þessu sambandi.

Fram kom að fulltrúar í skólaráði hafi nýlega hitt menntamálaráðherra og óskað eftir að farið yrði í frumkvæðisathugun á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í máli Fossvogsskóla. Tekið jákvætt í það en síðan hefur ekki heyrst meira um það ennþá.

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

Rætt var um að Borgin hefði tilkynnt foreldrum að Barnaspítali Hringsins myndi hafa aðkomu að því að meta stöðu og ástand þeirra barna sem fyndu fyrir einkennum í húsnæðinu. Foreldrar barna sem eru og hafa verið veik og mættu á fundinn upplýstu um að slík aðkoma hafi verið engin, í einhverjum tilvikum eitt símtal og ekkert meira.

Spurt var um kennslu í list- og verkgreinum í 1.- 4. bekk. Fer slík kennsla fram núna í húsi Hjálpræðishersins og hvernig mun hún fara fram í færanlegum kennslustofum í Fossvogi? Foreldrar ekki alveg með á hreinu hvernig skyldan til kennslu list- og verkgreina er skv. námsskrá. Nokkrir foreldrar upplýstu um að börn þeirra hefðu ekki farið í t.d. heimilisfræðikennslu síðan börnin þurftu að fara í Laugardalinn á sínum tíma enda er kennslu í þessum greinum rúllað á hópaskiptingu yfir veturinn og einhver börn því alfarið misst af kennslu í tilteknum greinum, mögulega um árabíl nú. Fram kom vitneskja um að list- og verkgreinakennsla í einhverju formi myndi fara fram frá og með næstu viku þegar/ef yngsta stigið færi í færanlegar kennslustofur í Fossvoginum þá.

Fram kemur mikil óægja með 40 mínútna rútuferðir daglega upp í Korpu. Spurt um hvort 5. – 7. bekkur færi líka í færanlegar kennslustofur í Fossvogi. Ekki vitað.

Spurt hvort til álita komi að færa 5. – 7. bekk nær Fossvoginum með því að færa þau t.d. úr Korpu og í húsnæði Hjálpræðishersins. Fram kom að svo virtist sem börnum liði almennt vel í Hjálpræðishernum en það húsnæði hefði verið hugsað sem tímabundin lausn og stæði væntanlega ekki til boða lengur. Húsnæðið væri ekki skólahúsnæði og ekki væri rými fyrir skapandi kennslu þar auk þess sem skorti rými fyrir list- og verkgreinakennslu.

Bent var á að skólastjóri væri búin að boða upplýsingafund um húsnæðismál miðvikudaginn 29. september. Annars vegar kl. 8 varðandi miðstigið og hins vegar kl. 16 með yngsta stiginu. Óánægja með stuttan fyrirvara á fundunum og tímasetningar en til fundanna var boðað með sólahringsfyrirvara.

Rætt var um að nauðsynlegt væri að kanna hug foreldra til ástandsins í Fossvogsskóla, m.a. afstöðu til skólastjórnenda, líðan barnanna, skólastarfsins, stöðu með námsbækur, húsnæðismála og fleira. Rætt um að slíkt yrði gert með formlegri skoðanakönnun sem kostuð væri af FFF.

Bent var á að sveitarfélögin gera kannanir bæði hjá foreldrum og hjá kennurum annað hvert ár sem hlytu að vera birtar opinberlega. Ekki væri ljóst hvenær slík könnun hefði verið gerð síðast en gagnlegt gæti verið að skoða niðurstöður þeirra.

Rætt um fulltrúa grenndarsamfélags í skólaráði. Núverandi fulltrúi er íþróttastjóri Víkings. Stungið upp á að þar komi inn eitt foreldri til viðbótar í skólaráð sem fulltrúi grenndarsamfélagsins. Afstaða skólaráðsfulltrúa foreldra að skólaráð virki ekki eins og gert sé ráð fyrir þar sem formaður þess, skólastjóri, vinni ekki í takti við aðra í skólaráði varðandi erfið málefni. Stungið upp á að sleppa fulltrúum í skólaráð og hunsu ráðið. Ekki tekið undir það, þar sem ráðið sé hinn lögformlegi farvegur og nauðsynlegt sé að foreldrar velji sína fulltrúa í það, ella séu þeir skipaðir í það af skólastjóra.

Bent var á að bæði Kársnesskóli og Ísaksskóli væru að nota færanlegar kennslustofur í skólastarfi og að þar væru sérstaklega innréttaðar list- og verkgreinastofur. Kennarar þar væru mjög ánægðir með það fyrirkomulag. Skoða þyrfti hvort hægt væri að fá slíkar stofur í

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

Fossvoginn eða samnýta aðstöðu með t.d. Réttarholtsskóla, Breiðagerðisskóla eða jafnvel Snælandsskóla.

Áhyggjur komu fram af skorti á fjölbreytni í skólastarfi. Kváðust sumir heyra frá börnum sínum að flesta daga væri mest verið í íslensku og stærðfræði. Engin tónmennt væri kennd þar sem ekki hefði tekist að ráða tónmenntakennara inn í skólann. Enn fremur væru ekki öll börn á yngsta stigi komin með lestrarbækur og október að nálgast. Lýstu foreldrar áhyggjum af þessu.

Fram kom að a.m.k. fjórir kennarar hefðu hætt störfum vegna stjórnunarvanda og komu fram áhyggjur af því að fleiri kennarar færu ef staðan batnaði ekki. Erfiðlega gengi að ráða inn nýja kennara.

Rætt um að skólastarfið væri núna rekið á þremur stöðum. Erfitt væri að samnýta kennara og annað starfsfólk. Ekki lægju fyrir neinar upplýsingar um viðbótarstuðning í formi fjár eða aukins mannafla vegna þessa.

Upplýst var um að kostnaður vegna flutninga skólans í Laugardalinn á sínum tíma, m.a. vegna rútuferða hafi verið settur á fjárhagsáætlun skólans og fylgdi honum sem skuldahali. Töldu foreldrar slíkt í hæsta máta óeðlilegt. Bent á að upplýsingar um fjármál skólanna séu á vefnum. Hægt að kynna sér það og skoða mismun á milli ára.

Upplýst um að það hafi misfarist hjá skólastjórnendum að panta Reykjaskóla fyrir 7. bekk í ár vegna skólabúða, annað árið í röð.

Foreldrar hafa á tilfinningunni að erindi þeirra til Reykjavíkurborgar séu ekki skráð inn í málaskrá og oftast en ekki sé erindum þeirra ekki svarað. Slíkt hljóti að vera brot á stjórnsýslulögum.

Lýst óánægju með að skólinn sé ekki opnaður heldur þurfi börnin að standi úti þar til skólabjalla hringir á morgnana. Bent á að upplýst sé um að almennt séu skólarnir opnaðir kl. 8.

Bent á að foreldrar eru hræddir við það þegar allur þessi fjöldi af rútum er að fara á morgnana. Sérstaklega yngstu börnin. Svo mikil hætta á að verði slys. Svo er að verða dimmt á morgnana og þessi mikli fjöldi barna á ferðinni í kringum rúturnar. Óskað eftir að málið verði tekið upp í skólaráði. Nauðsynlegt sé að alltaf sé starfsfólk frá skólanum á vakt við rúturnar. Breytist í næstu viku þegar færanlegar skólastofur verða teknar í notkun. Þá eiga rúturnar fyrir miðstigið að verða á götunni, Haðalandi. Töldu foreldrar að slíkt væri óviðunandi fyrir þau börn sem þyrftu að nýta rúturnar upp í Korpu áfram. Rætt um hvort hægt sé að girða rúturnar af, rífa upp grasið þarna og búa tímabundið til smá rútuþlan.

Fram kom að flestir foreldrar voru mjög ánægðir með góða yfirferð yfir feril húsnæðismála sem farið var yfir í skýrslu stjórnar. Ljóst væri að málið væri farið að spanna nokkurra ára bil og hlyti að vera fordæmalaust. Töldu flestir foreldrar nauðsynlegt að allir foreldrar hefðu tækifæri til að kynna sér það sem fram hefði komið á aðalfundi og hvernig ferill húsnæðismála Fossvogsskóla hefði gengið fyrir sig.

Fram kom óánægja með ýmislegt í skólanum, m.a. mat í Korpu, rútuferðir, samskipti við stjórnendur, stöðu á námsbókum og fleira. Var jafnframt bent á að svo virtist sem margir kennarar og annað starfsfólk væri óánæggt með stöðuna í málefnum Fossvogsskóla og töldu foreldrar nauðsynlegt að fá að vita meira um það. Rætt um að nauðsynlegt væri jafnframt að kanna líðan og afstöðu kennara til mála í skólanum og skoðanakönnun samhliða

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

skoðanakönnun foreldra til að fá betri mynd af stöðunni. Áður en slík skoðanakönnun yrði send út væri þó nauðsynlegt að halda upplýsingafund þar sem þær upplýsingar sem fram komu á aðalfundi og í skýrslu stjórnar væru kynntar fyrir öllum foreldrum svo þeir gætu tekið upplýsta afstöðu til þeirra spurninga sem settar yrðu fram í skoðanakönnun.

7. Önnur mál

Fundurinn ályktar þannig:

„Aðalfundur Foreldrafélags Fossvogsskóla ályktar að á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram komu á aðalfundi félagsins sé ljóst að uppi er alvarleg staða í málefnum skólans. Fundarmenn hvetja foreldra til að kynna sér ítarlega skýrslu stjórnar og mæta á upplýsingafund á vegum foreldrafélagsins sem boðað verður til á næstu dögum.“

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 22.45

Fundargerð rituðu Hrund og Eyþóra.